



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 5.02.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sigurður Bjarnason (SB) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Viðar Erlingsson (VE) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

UMSK þing

Þingið fer fram fimmtudaginn 28.02.2013 í Félagsheimili Seltjarnarness.

Framkvæmdastjóri mun senda fundarboð á aðalstjórn og formenn deilda félagsins til að kanna áhuga á þingsetu.

Kvennahlaup 2013

Ljóst er að hlaupið verður ekki í frá Garðatorgi eins verið hefur undanfarin ár vegna framkvæmda sem þar eru hefjast. Unnið er að lausn málsins með bæjaryfirvöldum.

Aðalstjórn tilnefnir Þórdísi Björk Sigurbjörnsdóttur ritara aðalstjórnar í nefndina.

Þorablót Stjörnunnar

- Blótið tókst afar vel sem kunnugt er, drög að uppgjöri liggja fyrir, afkoman er góð.
- Engir teljandi eftirmálar nema árekstur við mfl kvenna í handbolta v æfingar á fimmtudeginum og örlítil frágangsmál sem kippt var í liðinn

Drög að uppgjöri ársins

- Drögin sýna jákvæða afkomu félagsins í heild.
- Taprekstur er í fimleikadeild en eigið fé í járnnum um áramót.
- Taprekstur er í handknattleiksdeild og ljóst að deildin þarf að bregðast við með því að auka eigin tekjur eða skera niður kostnað meistaraflokkanna á árinu 2013.
- Rekstur aðalstjórnar og annarra deilda er réttu megin við strikið.

Íþróttaskóli Stjörnunnar 2013

- Undirbúningur sumarstarfsins er hafinn, kallað hefur verið eftir upplýsingum frá deildum, aðstaða í Flataskóla er tryggð, Flataskóli hefur óskað eftir samstarfi við Stjörnuna um starf fyrir 5 ára börn í sumar, kallað hefur verið eftir upplýsingum frá bænum um sumarstarfsfólk.

Fótbolti fyrir alla

- Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir forsvarsmaður verkefnisins hefur nú gengið til liðs við norska félagið Arnar-Björnar eitt af sterkustu liðunum í Úrvalsdeildinni þar í landi.



- Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá aðstandendum verkefnisins um hugsanlegar breytingar vegna þessa.

3) Heimasíðumál

Ritari gerði grein fyrir vinnu við þarfagreiningu verkefnisins með Braga Magnússyni og kallaði eftir skuldbindingu aðalstjórnar varðandi kostnað.

Eftir umræður er ritara heimilað að halda viðræðum áfram við Braga og óska eftir tillögu að áfangaskiptingu verksins og kostnaðaráætlun, bæði stofnkostnað og framtíðarrekstur.

4) Afrekssjóður

Gjaldkeri lagði fram til kynningar drög að skipulagsskrá um afrekssjóð UMF Stjórnunnar og boðaði að reglugerð um sjóðinn yrði send aðalstjórn fyrir næsta stjórnarfund. Óskað er eftir ábendingum stjórnarmanna við skipulagsskránnu fyrir næsta fund aðalstjórnar en þá verður hún auk reglugarðar lagt fram fram til samþykkis.

5) Húsnæðismál

Gjaldkeri gerði grein fyrir vinnu Mannvirkjanefndar, annars vegar varðandi hugsanlegar breytingar á búningasklefum fyrir knattspyrnu sem unnin er í samvinnu við „klefanefnd knattspyrnumanna“ og hins vegar varðandi hugsanlegar breytingar á skipulagi Stjörnuheimilins. Sýndar voru tvær tillögur Bryndísar Jónsdóttur innanhússartikets að breyttu skipulagi á hluta Stjörnuheimilis kynntar.

Ákveðið var að gjaldkeri sendi fyrirliggjandi tillögur varðandi Stjörnuheimilið til umsagnar formanna deilda félagsins og stjórnarmanna í aðalstjórn.

6) Erindi frá fimleikadeild

Fyrir fundinum lá erindi frá Fimleikadeild varðandi mögulega nýtingu Stjörnuheimilis og vallarhúss vegna gistingar fyrir íþróttahópa.

Aðalstjórn telur ekki unnt að verða við erindinu að svo stöddu en vísar því til skoðunar hjá Mannvirkjanefnd í tengslum við hugsanlegar breytingar á nýtingu mannvirkja. Ljóst er að ef opnað verður á þessa lausn þurfa allar deildir félagsins að sitja við sama borð. Nefndin skoði hvort slík nýting er samrýmanleg rekstri mannvirkjana, hvaða kostnaður kann að fylgja breytingu í þessa veru, hvaða reglugerðir varðandi gistingu þarf að uppfylla og hvaða leyfi þurfa að vera til staðar, einnig öryggismál.



7) Önnur mál

a) Minnisblað frá handknattleiksdeild vegna taprekstrar meistaraflokka.

Aðalstjórn telur ekki unnt að verða við ósk deildarinnar um aukinn afreksstyrk vegna ársins 2012 enda samræmist það ekki hugmyndafræði afrekssjóðs að unnt sé að fá aukið framlag vegna taprekstrar. Aðalstjórn minnir á að framkvæmdastjóri hafi ítrekað bent forystumönnum deildarinnar á allt frá miðju ári að í óefni gæti stefnt ef ekki kæmi til aukinnar eigin fjáröflunar deildarinnar. Aðalstjórn samþykkir að leiðrétta yfirtöku skulda frá árinu 2011 með sérstöku framlagi að fjárhæð 1,1 milljón króna. Framkvæmdastjóra var falið að svara bréfriturum vegna óskar um leiðréttingu á neikvæðu eigin fé í árslok 2011.

Sigurður Bjarnason gerði tillögu um að aðalstjórn grípi inn í handknattleiksdeildina með þeim hætti að aðalstjórn setji Sigurð Bjarnason tímabundið sem formann deildarinnar til að koma á starfhæfri stjórn skv. skilyrðum aðalstjórnar (formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, formaður B&U, formaður mfl kvk og formaður mfl kk). Einnig til að gera búna til áætlun til næsta árs miðað við núverandi fjárhagsstöðu deildarinnar. Sigurður mun síðan finna formann til að leiða deildina.

Formaður áréttaði að formenn deilda félagsins starfa allir í umboði aðalstjórnar félagsins. Formennska í handknattleiksdeild lúti sömu lögmálum, hvort sem um tímabundna setu formanns er að ræða eða ekki.

Umræðu um tillöguna mun ljúka í tölvupósti milli stjórnarmanna á næstu dögum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Ritað PGr